

Alþingi  
Erindi nr. P 122/364  
komudagur 3.12.197

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 1997


Varðar: 249. mál, frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað hafa fengið ofangreint þingmál til umsagnar. Samtökin voru stofnuð hinn 17. apríl sl. á fjölmennum fundi í Reykjavík. Tildrög stofnunar samtakanna var víðtæk andstaða við efni frumvarps sem þá hafði verið lagt fram á Alþingi um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt samþykktum fyrir Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað eru markmið samtakanna m.a. að vinna að því að auka lífeyrissparnað og frelsi í lífeyrismálum og að beita sér fyrir því að skattalegt umhverfi sé með þeim hætti að það hvetji til öflugs lífeyrissparnaðar.

Formaður samtakanna átti sæti í nefnd þeirri sem fjármálaráðherra skipaði síðastliðið vor til þess að yfirfara frumvarpið sem lagt var fram sl. vetur með þeim breytingum sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hafði lagt til að á því yrðu gerðar. Nefndin skilaði sameiginlegri niðurstöðu.

Þótt Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað hefðu kosið að frumvarpið fæli í sér meira frelsi sjóðfélaga en raun ber vitni til að velja sér lífeyrissjóð og til að ákveða hvort hluti iðgjalds skuli ganga til myndunar séreignar, telja samtökin mikils virði að víðtæk sátt hafi náðst um svo mikilvægt mál. Er það og yfirlýst markmið frumvarpsins að auka valmöguleika sjóðfélaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Þá stuðlaði yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um sérstaka frádráttarheimild einstaklinga frá skatti vegna viðbótar lífeyrissparnaðar að eigin vali að því að samkomulag tókst. Samtökin leggjast því ekki gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,  
F.h. Samtaka áhugafólks um  
lífeyrissparnað

  
Baldur Guðlaugsson  
formaður